

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um fresti til að skila framtölum og form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2009 á tekjur ársins 2008.

Skilafrestir.

1. gr.

Framtölum manna, þ.m.t. þeirra sem látist hafa á árinu 2008, skal skila til skattstjóra eigi síðar en 23. mars 2009.

Unnt er að sækja um aukinn skilafrest á vef skattstjóra, *skattur.is*. Lengdum skilafresti lýkur dagana 30. mars til 1. apríl nk., samkvæmt slembidreifingu.

2. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar, þ.m.t. dánarbú sem ekki hafði verið formlega lokið að skipta í árslok 2007, skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 31. maí 2009. Gera skal grein fyrir rekstri sameignarfélaga, sem eru ósjálfstæðir skattaðilar, með framtölum eigenda.

3. gr.

Þeir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

4. gr.

Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem veikindum eða vegna dvalar erlendis, geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta, skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

Form og skilamáti framtala.

5. gr.

Menn skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2008 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2009 (RSK 1.01) á þjónustusiðu á vef skattstjóra, *skattur.is*.
 - b) Með dulrituðu og undirrituðu skeyti úr framtalsforritum 2009, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
 - c) Á skattframtali 2009 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.
 - d) Á skattframtali 2009 (erlendir starfsmenn) RSK 1.10 (enska) eða RSK 1.13.
- Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna fylgiskjala, sbr. 6. gr.*

6. gr.

Menn, sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 2008, skulu með skattframtali sínu 2009 gera grein fyrir tekjum sínum og eignum tengdum rekstri á neðangreindum eyðublaðum *er fylgja skulu skattframtali 2009*:

- a) Séu tekjur (velta) undir kr. 500.000 og eignir í rekstri engar eða óverulegar og framteljandi var jafnframt ekki með virðisaukaskattsnúmer á árinu 2008 skal skila eyðublaðinu RSK 4.10.
- b) Sé velta á bilinu kr. 500.000 til kr. 20.000.000 skal skila eyðublaðinu RSK 4.11 ásamt viðeigandi fylgiskjölum, enda sé ekki um að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð. Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfsmennar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, s.s. sundurliðun helstu tekna- og kostnaðarliða, skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.

- c) Sé velta yfir kr. 20.000.000 eða um er að ræða samrekstur, fráviksaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokaaðferð, skal skila eyðublaðinu RSK 1.04 ásamt ársreikningi og viðeigandi fylgiskjölum.

7. gr.

Vegna *búrekstrar* skulu neðangreind eyðublöð fylgja skattframtali manns eða lögaðila:

- a) Skattframtali manns skal fylgja eyðublaðið RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 8. gr., skal fylgja eyðublaðið RSK 4.07 ef um rafræn framtalsskil er að ræða. Ef skattframtali lögaðila er skilað á pappír skal fylgja útfylltur bústofnshluti landbúnaðarskýrslu RSK 4.08, ásamt framtali vegna búnaðargjalds RSK 1.09.

8. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2008 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2009 (RSK 1.04) á þjónustusíðu á vef skattstjóra, *skattur.is*.
b) Með dulrituðu og undirrituðu skeyti úr framtalsforritum 2009, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
c) Á skattframtali rekstraraðila 2009 (RSK 1.04), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út á pappír.
d) Lögaðilar, sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga, skulu skila skattframtali 2009 í samræmi við ofanritað.
e) Lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. tekjuskattslaga, að frátöldum aðilum skv. 4. tölul. 4. gr., eiga *ekki* að skila skattframtali lögaðila RSK 1.04 vegna tekjuskatts, en beri þeim að standa skil á öðrum sköttum og gjöldum við álagningu 2009, þá skal það gert í rafrænum skilum á eyðublaðinu RSK 1.06 eða á viðeigandi eyðublöðum á pappír vegna tryggingagjalds (RSK 1.05), fjármagnstekjuskatts (RSK 1.07), iðnaðarmálagjalds (RSK 1.08) eða búnaðargjalds (RSK 1.09).

Ársreikningi og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum eða á pappír.

9. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og tekur þegar gildi.

Reykjavík, 5. janúar 2009.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.